

Verkkaupi: Ísafjarðarbær

**Umsjón og eftirlit:
Tækniþjónusta Vestfjarða ehf
Sveinn D K Lyngmo**

Leikskólinn Eyrarskjól Ísafirði

**FRAMVINDUSKÝRSLA
FYRIR JÚNÍ, JÚLÍ OG ÁGÚST 2020**

EFNISYFIRLIT

bls

1. Yfirlit yfir verkið	1
2. Framkvæmdir	1
3. Staða verks miðað við áætlun.....	1
4. Yfirlit yfir verkstöðu og magnbreytingar	1
5. Aukaverk og breytingar frá útboðsgögnum	1
6. Fyrirsjáanlegar breytingar	2
7. Yfirlit yfir helstu niðurstöður rannsókna	2
8. Yfirlit um eftirlit.....	2
9. Upplýsingar um veðurfar	2

1. Yfirlit yfir verkið

Verkið felst í byggingu á 187 m² viðbyggingar norðvestan við núverandi leikskóla, ásamt 70 m² tengibygginu suðvestan við núverandi leikskóla. Einnig skal endurnýja eldhús í leikskólanum á um 110 m² svæði, á samt gólfefnum og klæðningum í öðrum hlutum hússins.

Verkkaupi: Ísafjarðarbær

Umsjón og eftirlit verkkaupa: Tækniþjónusta Vestfjarða ehf. Daglegt eftirlit, Sveinn D K Lyngmo.

Arkitektahönnun: Arkþing ehf.

Verkhönnun: TÓV ehf og Mannvit ehf.

Verktaki: Gamla Spýtan ehf.

2. Framkvæmdir

Vinna á verkstað hófst 28. Mars 2019.

Búið er að fjarlægja gamla húsið sem var á lóðinni ásamt leiktækjum sem voru innan vinnusvæðis, búið er að grafa fyrir viðbyggingunni og uppsláttur sökkla er hafinn. Búið er að endurlagningu á 150 mm lögn við gálf á leikskólanum. Uppsláttur, járnavinna og steypa sökkla og gólfplötu viðbyggingar er lokið. Búið er að fylla inn í sökkul og setja einangrun undir plötu og innan á sökkul viðbyggingar.

Lagnavinnu inna grunn í viðbyggingu er lokið og lagnavinnu utan grunns viðbyggingar er að mestu lokið. Búið er að steypa gólfplötu og vegg í viðbyggingu. Búið er að steypa sökkla, gólfplötu og veggja í tengibyggingu. Búið er að leggja frárennsli og hitalagnir í tengibyggingu. Búið er að endurnýja lagnir í gólfi í eldhúshluta, búið er að leggja stofnlagnir, hita og vatns í eldhúshluta og raflagnir í eldhúshluta.

Búið er að smíða milliveggi, setja 45 mm steinull, og gifsplötur upp í loft í eldhúshluta. Búið er að breyta veggjum svo hægt sé að setja eldhúsvask og innréttingu í starfsmannarými.

Búið er að einangra loft í tengigangi og viðbyggingu. Búið er að setja pappa á þak tengigangs og járn á þak viðbyggingar og taka af þakjárn og setja á aftur, á þakið við hlið tengigangsins. Búið er að flota gólf í viðbyggingu og tengigangs. Búið er að setja upp rennur. Búið er að mála vegg í eldhúshluta.

Unnið er við uppsetning á loftræstikerfi. Búið er að setja glugga og gler og útihurðir í viðbyggingu og tengigangi. Búið er að setja upp tæki í eldhúsið og skápa í starfsmannarými. Búið er að setja epoxu efni á gólf í eldhúshluta og dúka á gólf í eldhúshluta.

Eldhúsálma og tengigangur voru afhent 10,12,2019.

Viðbygging var afhent verkkaupa 30,01,2020.

Vinna við áfanga 4 hófst 7, febrúar 2020

Vinnu við áfang 4 lauk 3,4,2020

Vinna við áfang 3 hófst 20,4,2020

Búið er að rífa, smíða milliveggi, setja upp fellivegg og innihurðir. Loftræstikerfi er komið upp, búið er að sprauta loftaplötur með málningu. Búið er að mála vegg

Búið er að klæða gitterbita og innveggi sem klæða á, búið er að breyta og bæta við rafmagnsdósum.

Búið er að leggja línoleum gólfefni, kýttun kringum hurðir er eftir, lagnavinna er búin. Búið er að flísaleggja gólf. Búið er að mála húsið að utan.

Búið er að koma fyrir potti í eldhúsi og tengja.

3. Staða verks miðað við áætlun

Verkið er lokið:

4. Yfirlit yfir verkstöðu og magnbreytingar

Samþykktur hafa verið 29 reikningur . samtals Kr: 222.457.396,- sem er 98.33 % af verkinu.

5. Aukaverk og breytingar frá útboðsgögnum

Samþykktir hafa verið sex reikningar vegna aukaverka samtala kr 14.307.902,- og er þessi tala innifalin í lið 4.

Aukaverk 1. Var upptaka á hellum og leiktækjum ofl. því tengt

Aukaverk 2. Var að endurtengja rafmagn og síma . brjóta lausa ílögn, taka upp hellur við tengigang ofl.

Aukaverk 3. Var að bæta við steinull í lofti á eldhús ásamt lagnagrind og gifsplötum.

Aukaverk 4. Færsla á lágsþennuskáp, fræsa raufar fyrir gólfhita í gangi, sandspartl ofl.

Aukaverk 5. Sökkulflísar, tenging á nýju rafmagnsinntaki og viðbætur í eldhúsi og starfsmanna aðstöðu.

Aukaverk 6. Gólfílögn og hitalögn í gang og fatahengi, ásamt raflagnabreytingum.

Aukaverk 7 Uppsetning ljósa og breyta tenglum, sökkulflísar ofl.

Aukaverk 8 Sprauta málningu á gömul loft, Geymsluloft, breytingar í eldhúsi.

6. Fyrirsjáanlegar breytingar

Ákveðið var að setja gólfhita í gang í viðbyggingu, frá anddyri á norður vegg að tengigangi og gang og fataherbergi í áfanga 4 og gang í áfanga 3.

Ákveðið var að setja geymsluloft yfir hluta af gangi í áfanga 4

7. Yfirlit yfir helstu niðurstöður rannsókna

Tekin voru steypusýni úr sökkulveggjasteypu og plötusteypu, viðbyggingar.

8. Yfirlit um eftirlit

Eftirlit sér um samskipti á verkstað á framkvæmdatíma milli hönnuða, verkefnisstjóra og verktaka.

Verkfundir eru haldnir með u.þ.b. 2 vikna millibili og haldnir hafa verið 36 formlegir verkfundir frá verkbyrjun. Eftirlit hefur ritað fundargerðir vegna þessa og dreift þeim til viðkomandi aðila.

9. Upplýsingar um veðurfar

Veður hefur verið fremur hagstætt á framkvæmdatímanum, hitastig hefur verið 5-10°C. Fram í október, eftir það hefur hitastig verið 0-5 °C í nóvember og desember hefur verið frost, snjór og mikil veðurhæð. Í janúar, febrúar og mars hefur verið risjótt tíðarfar, hvasst og snjór. Veðurfar í apríl, maí, júní, júlí og ágúst hefur verið tiltöluleg gott.

Ísafirði 8. september 2020

Sveinn D K Lyngmo